

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1992

9. júlí 1992

585

Nr. 267

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum.

1. gr.

Frá og með 14. júlí 1992 til og með 15. ágúst 1992 eru allar veiðar með vörpu og dragnót bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Víkinni á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°32'N – 19°50'V
2. 63°28'N – 19°50'V
3. 63°20'N – 19°08'V
4. 63°20'N – 18°40'V
5. 63°23'80N – 18°40'V

2. Á svæði milli Ingólfshöfða og Hrollaugseyja, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. Inghólfshöfði (63°47'8N – 16°38'5V)
2. 63°40'N – 16°38'V
3. 64°00'N – 15°55'V
4. 64°09'N – 15°55'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.